

23. Markarfljótsvirkjun B¹

Einnig hefur verið skoðað að virkja fall ofan af Launfitarsandi, svonefnda Sátuvirkjun með um 11 km² (200 Gl) lóni. Ef virkjun af Emstrum yrði gerð í tengslum við þá virkjun, yrði yfirfallshæð í Emstrulóni um 488 m y.s., flatarmál 11,5 og miðlunarrými tæplega 200 Gl. Með þeirri tilhögun vinnast um 120 GWh/a við lítið eitt hærri einingarkostnað en í Markarfljótsvirkjun einni. Flatarmál lóna yrði um 23 km² (390 Gl).

Yfirlitstafla

Einkennisstærðir	Sátuvirkjun + Emstruvirkjun	
	Sátuvirkjun	Emstruvirkjun
Rennsli til virkjunar (m ³ /s)	13,7	39,7
Vatnasvið (km ²)	173	521
Yfirfallshæð (m)	593	488
Flatarmál lóna (km ²)	11,2	11,5
Miðlun (Gl)	197	193
Lengd ganga (km)	0,6	9
Lengd stíflna (m)	240	1.250
Mesta hæð “ (m)	80	113
Afl (MW)	14	109
Orkugeta (GWh/a)		855
Stofnkostnaður Mkr		20.820
Stofnk/orkuein. (kr/(kWh/a))		24,4

Lónstæðin eru bæði leifar gamalla jökullóna, og geyma merkilega sögu um þróun jökla, eldvirkni og jökulhlaup. Gróður er fremur fábreyttur og fuglalíf lítið. Nálægð við eldstöðvar veldur því að gjall er víða áberandi, og líkt og á Síðumannafrétti setur mosagróður áberandi svip á gróðurlendin, sem eru fremur fábreytt og dýralífið að sama skapi. Í þessari tilhögun yrðu tvö lón í stað eins og yrði einkum hið efra áberandi frá vinsælum útivistarsvæðum og gönguleiðum.

¹ Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. 2002. *Markarfljótsvirkjanir. Forathugun.* Orkustofnun, OS-2002/058.

